



HAFNARFJÖRÐUR

Tillögur um matarmál í grunnskólum 2018

- Starfshópur á vegum fræðsluráðs Hafnarfjarðar -

Nóvember 2018

Inngangur

Fræðsluráð Hafnarfjarðar setti á laggirnar starfshóp um fæðismál í grunnskólum vorið 2018 í samræmi við erindisbréf (sjá fundargerðir fræðsluráðs Hafnarfjarðar). Starfshópurinn starfaði fram að sveitarstjórnarkosningum vorið 2018. Eftir kosningar var hópurinn endurskipaður og fékk framlengingu á verkefni sínu. Meginverkefnið var áfram það sama. Núna skilar starfshópurinn af sér tillögum til fræðsluráðs. Með þeim telur starfshópurinn að hlutverki sínu sé lokið og að fræðsluráð sé komið með verkefnið til nánari ákvörðunar og útfærslu.


Verkefni starfshópsins var að yfirfara matarmál í grunnskólum. Í því gat ýmislegt verið fólgið, t.d. hvort verið væri að veita fullnægjandi þjónustu á mat til nemenda og starfsmanna, hvort skipulag matarmála þyrfti endurskoðunar við (t.d. aðkeypt þjónusta eða eldað á staðnum) og hvort breyta ætti viðmiðum matarþjónustu í samhengi við breyttar samfélagsaðstæður (sbr. auknar áherslur á veganfæði í samtímanum). Starfshópurinn hefur haldið tíu fundi, skoðað aðstæður í skólum og hjá verkkaupa og hitt skólasamfélag grunnskólanna í gegnum skólaráð þeirra. Í ljósi þessarar vinnu var samstaða í starfshópnum að leggja fram þær tillögur sem hér koma.

Matarmál í grunnskólum geta reglulega þurft endurskoðunar við og þurfa að vera tekin til umræðu í skólasamfélaginu með vissu millibili. Það er í ljósi þess að samfélagsaðstæður breytast stöðugt svo nauðsynlegt er að tryggja að matarmál í grunnskólum fylgi þeirri þróun. Það er til þess að sú matarþjónusta sem boðið er upp á í skólum mæti þeim þörfum og aðstæðum sem til staðar eru á hverjum tíma.

Hafnarfjörður er núna þátttakandi í heilsuverkefninu Heilsueflandi samfélag. Matarmál grunnskóla-nemenda og starfsmanna skóla eru augljóslega mikið heilsueflandi verkefni. Starfshópurinn horfði til þess verkefnis þegar hann leggur fram þessar tillögur sínar samhliða öðrum sjónarmiðum sem komu fram í samræðunni við ýmsa aðila.

Það er megin sjónarmið starfshópsins að matarþjónustu í grunnskólum Hafnarfjarðar eigi að auka svo nemendur og starfsfólk geti allan sinn skóladag haft aðgang að hollum mat svo skólastarfið komi þeim að sem mestum notum eða til sem mestra gæða. Á grunni þess leggur starfshópurinn fram eftirfarandi tillögur. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir aukningu á möguleikum í að kaupa mat í grunnskóla mun það að lokum alltaf vera val notenda hvaða þjónustu þeir kaupa og hvað þeir vilja sjálfir koma með inn á skóladaginn. Á þessum grunni koma hér fram tillögur starfshópsins.

Hafnarfirði 15. nóvember 2018


Kristín Thoroddsen, formaður

MARGRÉT VALA MALTEINSD.
Margrét Vala Marteinsdóttir

Lilja E. Kristjánsd.
Lilja Eygerður Kristjánsdóttir

KRISTÍN ÓLÖF GRÉTARSD.
Kristín Ólöf Grétarsdóttir

Með starfshópnum störfuðu eftirfarandi starfsmenn bæjarins:

Geir Bjarnason, íþrótt- og tómstundafulltrúi, Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri Hafnarfjarðarbæjar og Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla.

Tillögur starfshópsins

Eftirfarandi eru tillögur starfshópsins um fyrirkomulag matarmála í grunnskólum Hafnarfjarðar sem lagt er til að komi til framkvæmda haustið 2019:

1. MATARÞJÓNUSTA

Í sérhverjum skóla verði boðið upp á eftirfarandi matarþjónustu (í öllum tilvikum er hún val fyrir notendur að kaupa þjónustuna en þjónustan skal samt vera jöfn í öllum skólum sem enginn skóli geti valið sig frá en aðeins notendur) með viðeigandi mannskap til að framfylgja öllum þessum verkþáttum:

- a. **Frír hafragrautur:** Frír hafragrautur að morgni fyrir nemendur (1.-10. bekk) og allt starfsfólk í upphafi skóladags fyrir þá sem það vilja (um kl. 8 eða þar um).
 - i. Eingöngu hugsað í upphafi dags því ávaxta-/grænmetisstund tekur við þegar fyrstu frímínútur hefjast um miðjan morgun.
- b. **Ávaxta-/grænmetisáskrift:** Ávaxta-/grænmetisstund fyrir nemendur í 1.-10. bekk um miðjan morgun.
 - i. 2-3 ávextir/grænmeti (niðurskorið) í boði á dag og seldir á kostnaðarverði í áskrift.
 - ii. Starfsfólk skóla fái sömuleiðis það sama í morgunfrímínútum, frítt.
- c. **Hádegisverðaráskrift fyrir nemendur:** Hádegisverður fyrir nemendur í 1.-10. bekk:
 - i. Tveir réttir í boði alla daga, aðalréttur og hliðarréttur, sem uppfylli sett manneldismarkmið hverju sinni.
 - ii. Aukar áherslur verði á sjálfsskömmtnun en val skóla í þeim skilningi að skömmtnun er metin út frá aðstæðum. Lagt er til að prófa í auknum mæli sjálfsskömmtnun af nemendum.
 - iii. Mikilvægt er að nægt starfsfólk (skóla og utan verktöku ef það á við) sé til staðar með nemendum í hádegisverðartíma, sérstaklega yngri nemendum.
 - iv. Nægur tími sé gefinn (20 mín. alla vega) og huga að því í töflugerð sem snýr að flóknari viðfangsefnum, s.s. akstri í tengslum við sund/íþróttir.
 - v. Áskriftarkerfi sé í gangi, hægt að festa við ákveðna vikudaga eða alla en ekki mismuandi sömu vikudaga.
 - vi. Rafrænar skráningar á þátttöku daglega.
 - vii. Mælingar á matarsóun með reglulegri upplýsingagjöf til bæjaryfirvalda.
 - viii. Tryggt að alltaf verði nægur matur til staðar fyrir alla sem hafa keypt mat.
- d. **Hádegisverður fyrir starfsfólk:** Hádegisverður fyrir starfsfólk alla skóla-/vinnudaga frá 15. ágúst – 15. júní með sérstakri þjónustu við þá.
 - i. Tveir réttir í boði alla daga, aðalréttur og hliðarréttur.

Kör
M.V.M

LÆK

- ii. Í því felst að starfsfólk geti fengið umfram nemendur ítarlegri máltíðir, t.d. meira salat og framreiðslu fyrir fullorðna neytendur.
 - iii. Ekki þarf að skrá sig í áskrift eða kaupa miða fyrirfram. Keypt í gegnum starfsmannakort jafnóðum sem skráir í Vinnustund og gert upp mánaðarlega samhliða launagreiðslum.
- e. **Síðdegishressingaráskrift:** Síðdegishressing (ávextir, brauð, sætt eftir atvikum) fyrir börn sem eru í frístundaheimili (1.-4. bk.) og aðra nemendur (5.-10. bk.) sem vilja.
- i. Öll börn í frístundaheimilum fái síðdegishressingu sem hluta af dvalargjaldi í frístundarheimili út frá lengd dvalartíma.
 - ii. Hægt að kaupa einstaka daga í viku fasta í áskrift ef nemandi er ekki í frístundaheimili en engin lausasala.
- f. **Tilfallandi möguleikar:** Tilfallandi möguleikar séu til staðar, þ.e. að hægt sé að fá þjónustu við sérstakar aðstæður í skóla (hátíðir, sérstaka fundi o.þ.h.):
- i. Getur átt við bæði nemendur og starfsfólk eftir atvikum.
 - ii. Eins og fyrir bakstur/vöflur o.fl. á starfsmannafundi, skipulagsdögum o.þ.h.
 - iii. Gildir einu hvort sem skóli og/eða nemendur/starfsfólk greiðir.


2. VERÐLAGNING

Strfshópurinn lítur svo á að verðlagning þjónustu sem verði í boði sé ekki í hans verkahring að ákveða. Það er verkefni bæjaryfirvalda. Þrátt fyrir það leggur hópurinn fram þá tillögu að tvennt verði í boði frítt, þ.e. hafragrautur fyrir nemendur og starfsfólk í upphafi dags og ávextir/grænmeti á morgnana fyrir starfsfólk. Önnur verðlagning er því síðari tíma ákvörðun, þ.e. hvort einstaka vöruliðir séu verðlagðir með niðurgreiðslu eða ekki (sumt er reyndar ákveðið í kjarasamningum, t.d. hádegismatur starfsmanna), þ.e. hlutur þjónustuþega á móti hlut bæjarins í hverjum þjónustulið. En almennt séð lítur starfshópurinn svo á að matarþjónustan skuli verði framkvæmd með fullnægjandi mannskap af verktaka sem hlýtur verkefni í kjölfar útboðs. Ef skóli vill sjá um framkvæmdina sjálfur að hann fái þá sambærilegt fjármagn til þess sem ella færi í verkkaup matarþjónustunnar.

3. FRAMKVÆMD

Skólar hafi val um það hvort liður 1 (matarþjónusta) verði framkvæmd af þeim sjálfum að öllu leyti eða fari öll í útboð. Það að skipta lið 1 á milli verktöku eða eigin framkvæmdar (þættir a-h) getur orsakað talsvert flækjustig varðandi mönnun sem tengist útboði ef það er mismikið milli skóla og samspil milli þjónustu skóla og verktaka.

Gert er ráð fyrir að tíminn til vors 2019 sé notaður til undirbúnings. Skólar fái tækifæri til að skoða tillögurnar og taka afstöðu til framkvæmdarinnar, t.d. hvort þeir vilji annast framkvæmdina sjálfir eða fara í útboðsferli. Útboðsferli fari fram ekki síðar en í febrúar 2019. Í maí 2019 liggi fyrir allar ákvarðanir fyrir haustið 2019 um þá framkvæmd sem ætlunin er að fari í gang.


KOG
M.V.M.
LÖK